

Tengsl og samstarf KÍ og kennaranema

Starfshópur stjórnar KÍ og stjórnir kennaranemafélaga í HA og HÍ hafa að undanfögnu rætt um aðferðir við að auka tengsl og samstarf KÍ og kennaranema og nú síðast 24. nóvember 2017. Á fundinum var ákveðið að byggja á neðangreindum atriðum í þessum tilgangi og að meta reynsluna af fyrirkomulaginu eftir eitt ár, hvað gangi vel og hvað megi bæta.

Markmið

Markmiðið er að koma á formlegum samstarfsvettvangi KÍ og stjórna félaga kennaranema um ýmiskonar málefni og að efla almenn tengsl og upplýsingamiðlun KÍ og kennaranema.

Tengiliðir

Til að koma á skýrum farvegi fyrir skilvirk og stöðug tengsl og samstarf eru aðilar sammála um að nauðsynlegt sé að KÍ og stjórnir kennaranemafélaga hafi sér ákveðna tengiliði til að fylgja málum eftir á sínum vettvangi og koma upplýsingum áfram. Tengiliður KÍ er varaformaður KÍ, Sólveig María Árnadóttir er tengiliður stjórnar Magister, kennaranemafélags HA, og Andri Rafn Ottesen er tengiliður stjórnar Kennó, kennaranemafélags HÍ.

Almenn tengsl og upplýsingamiðlun KÍ og kennaranema

- Tengiliður KÍ miðlar ýmsum upplýsingum til tengiliða stjórna kennaranemafélaga sem þeir koma áfram til kennaranema, svo sem Skólavarða, fréttabréf, fréttir, opnir viðburðir á vegum KÍ, upplýsingar um norræn kennaranemafélög o.fl.
- Tengiliðir stjórna kennaranemafélaga miðla ýmsum upplýsingum til tengiliðar KÍ sem hann kemur áfram á vettvangi KÍ, svo sem um starf og viðburði á vegum kennaranemafélaganna o.fl.

Formlegur samstarfsvettvangur KÍ og stjórna félaga kennaranema

Samræðufundir

- KÍ og stjórnir félaga kennaranema halda reglubundna samræðufundi um sameiginleg hagsmunamál sem varða kennaranámið og kennarastarfið, mál sem eru efst á baugi hjá nemum og KÍ o.fl. Fundir eru haldnir að lágmarki einu sinni á hverri önn til að koma samstarfinu á fastan grunn, viðhalda því og þróa.

Norræn kennaranemafélög

- KÍ liðkar fyrir tengslum stjórna kennaranemafélaga við samstarfsvettvang norrænna kennaranemafélaga innan norrænu kennarasamtakanna (NLS).

Annað samstarf

- KÍ leitar til stjórna kennaranemafélaga eftir atvikum um ráðgjöf/samstarf þegar málefni sem varða kennaramenntun og kennarastarfið eru til umræðu, eða önnur fagleg mál. Með sama hætti geta stjórnir kennaranemafélaga leitað til KÍ eftir atvikum um mál sem varða kennaranámið og önnur hagsmunamál nema ef áhugi er á því.
- KÍ býður stjórnnum kennaranemafélaga að senda fulltrúa á þing og ársfundi KÍ, ráðstefnur, málþing, fundi og aðra viðburði og að koma í heimsóknir í Kennarahúsið, eins og áður. Starf að þessu er komið af stað og gagnleg reynsla af því. Með sama hætti geta stjórnir kennaranemafélaga boðið KÍ að senda fulltrúa á fundi og viðburði hjá sér ef áhugi er á því.
- KÍ og stjórnir kennaranemafélaga halda árlegan kynningar- og fræðslufund fyrir útskriftarnema um kennarastarfið, réttindi og skyldur kennara og starf KÍ.
- KÍ stendur fyrir árlegum viðburði sem er tileinkaður kennaranemum í samstarfi við stjórnir kennaranemafélaga.

- Stjórnir kennaranemafélaga skoða að nýta árlegan alþjóðadag kennara 5. október eftir föngum til að vekja athygli á kennaranáminu, kennarastarfinu og öðrum hagsmunamálum nema.
- Samstarfsvettvang KÍ og stjórna kennaranemafélaga má einnig nýta fyrir miðlun um lokaverkefni í kennaranámi, reynslu af vettvangsnámi og fleira.

Aðilar eru sammála um að hefja samstarf samkvæmt ofangreindu fljótlega og að nota fyrsta samræðufund t.d. til að kynna það sem er efst á baugi varðandi nýliðun í kennslu og stefnu um skóla og menntun fyrir alla nemendur.

F.h. Kennarasambands Íslands
Þórður Á. Hjaltested formaður
Aðalheiður Steingrímsdóttir varaformaður

F.h. stjórnar Kennó, kennaranemafélags HÍ
Andri Rafn Ottesen

F.h. stjórnar Magister, kennaranemafélags HA
Sólveig María Árnadóttir

Fylgiskjal með samstarfsyfirlýsingu KÍ og kennaranemafélaga

Á fundi framkvæmdastjórnar skólamálaráðs KÍ og tengiliða stjórna kennaranemafélaga HA og HÍ sem haldinn var 23. febrúar 2018 í Kennarahúsinu fóru fram samræður um aðferðir við að koma tengslum og samstarfi KÍ og kennaranemafélaga af stað samkvæmt samstarfsyfirlýsingu aðila frá 7. desember 2017.

Samstarfsvettvangur

- Stjórn KÍ samþykkti samstarfsyfirlýsinguna á fundi 16. desember 2017 og beindi til framkvæmdastjórnar skólamálaráðs að koma tengslum og samstarfi í farveg.
- Framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ er vettvangur fyrir fasta sameiginlega fundi KÍ og stjórna kennaranemafélaga sem áætlað er að verði að lágmarki einu sinni á hverri önn samkvæmt samstarfsyfirlýsingunni.
- Nýjar stjórnir kennaranemafélaganna funda með framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ eftir þing KÍ sem haldið er 10. – 13. apríl 2018 til að fara yfir yfirlýsingu aðila um tengsl og samstarf. Heppilegt er að nota það tækifæri til að hitta einnig nýjan formann KÍ og fleira starfsfólk KÍ.
- Framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ og stjórnir kennaranemafélaga íhuga efni fastra sameiginlegra funda. Málefni kennara og kennaranema eru í brennidepli í samfélaginu, nýliðun í kennslu og skóli fyrir alla nemendur, sem hægt er að taka fyrir á föstum samstarfsvettvangi aðila.

Samstarf

- Þing KÍ 2018 verður notað sem fyrsta skrefið í samstarfi aðila. KÍ býður einum fulltrúa frá hvoru kennaranemafélagi að sækja þingið og sitja það þingdagana. KÍ óskar jafnframt eftir að fulltrúar haldi þar sameiginlegt 30 mín erindi um væntingar kennaranema til kennarastarfsins og kennarasamtakanna hér og nú og til framtíðar.
- Kennaranemafélögin óska eftir að fulltrúar frá KÍ komi á nýnemadaga til að segja frá starfi KÍ en nýnemadagar eru haldnir í háskólunum á haustin.

- Meistaraneimar í kennaranámi í HA og HÍ óska eftir að funda með KÍ einu sinni á önn. Hægt er að sjá fyrir sér að báðir aðilar væru þar með innlegg, svo sem viðfangsefni meistararitgerða og fræðsluerindi frá KÍ um ýmis atriði er snerta kennarastarfið og kjarasamninga.
- Kennaranemafélögin vilja kynna og minna kennaranema á Skólavörðuna og vef KÍ. Hægt er að nota þessa miðla til að tengja kennaranema og starfandi kennara.
- Kennaranemafélögin vilja láta heyra í sér í samfélaginu um ýmis hagsmunamál kennaranema með ýmsum aðferðum svo sem greinaskrifum og myndböndum sem nemar sæju um og með samstarfi við KÍ um ýmis mál, t.d. vettvangsnámið o.fl.
- Kennaranemafélögin vilja efla vísindaferðir kennaranema með það að markmiði að þeir fái tækifæri til að kynnast starfsumhverfi kennara og að aðilar sem koma að námi og starfi kennara bjóði nemum í vísindaferðir til sín, s.s. skólar, sveitarfélög, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun.
- Framkvæmdastjórn óskaði eftir hugmyndum frá kennaranemafélagunum um það sem segir í samstarfsyfirlýsingunni að KÍ standi fyrir árlegum viðburði sem tileinkaður er kennaranemum og tóku tengiliðir kennaranemafélaganna að sér að ræða við stjórnir félaganna um hugmyndir.
- KÍ og kennaranemafélögin vekja athygli á samstarfsyfirlýsingunni á sínum vettvangi.

Tengiliðir

- Varaformaður KÍ sem er jafnframt formaður skólamálaráðs KÍ er tengiliður KÍ við kennaranemafélögin.
- Kennaranemafélögin hafa ákveðna tengiliði við KÍ vegna samstarfsins, einn í hvorum skóla.
- Tengiliður Magister, kennaranemafélags HA er Sólveig María Árnadóttir solveig@fsha.is
- Tengiliður Kennó, kennaranemafélags HÍ er Jóna Þórdís Eggertsdóttir jthe4@hi.is
- KÍ mun koma fyrir á sinni heimasíðu upplýsingum um tengiliði og samstarfsyfirlýsingu aðila.